

Föstudaginn 1. marz 1963.

Nr. 129/1961. **Edda Aðalsteinsdóttir**

gegn

Kjartani Friðbjarnarsyni & Co., umboðs- og heildverzlun.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Edda Aðalsteinsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 6. marz 1963.

Nr. 87/1962. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Landsbanka Íslands, Ísafirði

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Lárus Jóhannesson, Gizur Bergsteinsson,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór
B. Línal.

Skýring á ákvæðum tryggingabréfa um mynt.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1962 og krafizt þess, „að hinum afrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að við uppboðs-uppgjöf fiskiðjuvers Ísfirðings h.f. verði eftirstöðvar kröfu ríkissjóðs samkvæmt tryggingarbréfum, dagsettum 6. júní 1956 og 4. september 1957, reiknaðar með gengi svissneskra franka og vesturþýzkra marka á uppboðsdegi, 29. janúar

1962. Ennfremur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati Hæstaréttar.“

Stefndi hefur krafizt þess, „að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó með þeirri breytingu, að við reikningskil vegna uppboðs á fiskiðjuveri Ísfirðings h.f., er fram fór 29. janúar 1962, verði kröfur rikissjóðs samkvæmt tryggingarbréfum, dags. 6/6 1956 og 4/9 1957, gerðar upp með kr. 1.200.000.00, auk 6,5% vaxta frá 1/6 1958 til uppboðsdags og kr. 750.000.00, auk 7% ársvaxta frá 1/6 1958 til uppboðsdags“. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Í tryggingabréfum þeim, sem ágreiningur er um í máli þessu, er upphæð þeirra eingöngu tekin fram í íslenskum krónum og er ekkert í texta þeirra, sem bendi sérstaklega til, að þau hafi verið gefin út til að tryggja ábyrgð á skuld í erlendum gjaldeyri.

Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð með þeirri breytingu, sem felst í kröfugerð stefnda fyrir Hæstarétti, enda er hún til hagsbóta fyrir áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 55.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði uppboðsréttarúrskurður á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að upphæð síðarnefnds tryggingarbréfs ákveðst kr. 750.000.00 í stað kr. 589.-016.65.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, Ísafirði, kr. 55.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsréttar Ísafjarðar 2. júní 1962.

Ár 1962, laugardaginn 2. júní, var í uppboðsrétti Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari

Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 25. maí s.l.

Með sölugerningi, sem fór fram mánudaginn 29. janúar s.l., varð fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hæstbjóðandi í fiskiðjuver Ísfirðings h.f., Ísafirði, með boð að upphæð kr. 13.800.000.00. Umboðsmaður ríkissjóðs gerði kröfu til útlagningar til umbjóðanda síns sem ófullnægðs veðhafa, ef svo stæði á. Uppboðshaldari lýsti yfir, að hann samþykkti þetta boð.

Áður en sölugerðin fór fram, lýsti umboðsmaður Landsbanka Íslands því yfir, að hann mótmælti öllum lýstum kröfum.

Með bréfum, dags. 30. apríl og 10. maí s.l. til uppboðshaldara, krafðist fjármálaráðuneytið þess, að tvö veðskuldabréf, nánar tilgreind, verði við reikningsskil um uppboðið umreiknuð eftir núverandi gengi á svissneskum frönkum og þýzkum mörkum. Þessu hefur Landsbanki Íslands mótmælt.

Ágreiningsefni þetta var síðan 25. maí s.l., eftir að gagnaöflun var lokið, tekið til munnlegs flutnings og honum loknum til úrskurðar.

Í máli þessu hefur sóknaraðili gert þær kröfur, að eftirstöðvar skuldabréfa á dómsskj. nr. 60 og 62, verði við „uppboðsuppgjör“ fiskiðjuvers Ísfirðings h.f. reiknaðar á núverandi gengi svissneskra franka, kr. 997.46 og þýzkra marka, kr. 1.076.82.

Ennfremur hefur hann krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Umboðsmaður Landsbanka Íslands hefur gert þær kröfur í málinu, að við uppboðsuppgjör fiskiðjuvers Ísfirðings h.f. verði krafa ríkissjóðs samkvæmt veðbréfi, dags. 6.6. 1956, lækkuð í kr. 1.200.000.00, auk 6.5% vaxta frá 1.6. 1958 til uppboðsdags og að krafa samkvæmt veðbréfi, dags. 4.9. 1957, verði lækkuð í kr. 750.000.00 ÷ afborganir Ísfirðings h.f. kr. 160.983.35 = kr. 589.016.65, auk 7% ársvaxta frá 1.6. 1958 til uppboðsdags og að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði gert að greiða málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Með tryggingarbréfum, dags. 6. júní 1956, að upphæð kr. 1.200.000.00 og 4. september 1957, að fjárhæð kr. 750.000.00, setti Ísfirðingur h.f. ríkissjóði að veði fiskiðjuver sitt við Suðurgötu á Ísafirði með 1. veðrétti samhliða 8 öðrum veðsetningum til ríkissjóðs til tryggingar lánnum hjá Framkvæmdabanka Íslands samkvæmt skuldabréfum, dags. 6. júní 1956 og 3. september

1957. Var hér um ríkisábyrgð að ræða í báðum tilfellunum samkvæmt heimild í 22. gr. XVI. fjárlaga fyrir 1956 og 22. gr. XIII. fjárlaga fyrir 1957.

Í texta bréfanna er hvergi á það minnzt, að um erlend lán hafi verið að ræða og skuldarupphæðin aðeins tilfærð í íslenzkum krónum. Taxtinn er að öðru leyti eins og tíðkast um tryggingarbréf.

Við samanburð á myndum þeim af bréfum þessum, sem lagðar hafa verið fram af umboðsmanni ríkissjóðs, og eintökum veðmálabóka embættisins, kemur í ljós, að myndin á dóm skj. nr. 60 er af óstaðfestu afriti af tryggingarbréfinu. Í veðmálabókinni er eiginhandar rit umboðsmanns Ísafirðings h.f. og tveir vottar, en á ljósmyndinni eru engir vottar og nafn Ásbergs Sigurðssonar ritað af öðrum.

Ljósmyndin af dóm skj. nr. 62 er eins og eintak veðmálabókar, að því undanskildu, að enginn vottur er á því eintaki, en einn vottur á ljósmyndinni.

Tryggingarbréfin voru síðan send bæjarfógetaskrifstofunni á Ísafirði til fyrirfram innritunar og þinglýsingar og fór sú innritun fram 16. júní 1956 á dóm skj. nr. 60, og var skjalið auðkennt Lítra LXI, nr. 35, en þinglýsing fór fram 31.7. 1956, en á dóm skj. nr. 62 6. nóvember 1957, og var það auðkennt Lítra LXV, nr. 148, en það var þinglesið 10. marz 1958.

Á árinu 1960 lenti Ísafirðingur h.f. síðan í vanskilum með greiðslur og afborganir vaxta af þeim lánum, sem ríkissjóður hafði ábyrgzt fyrir félagið, og gerði Framkvæmdabanki Íslands kröfu til, að ríkissjóður innti þær greiðslur af hendi, og gerði hann það.

Með bréfi, dags. 26. apríl 1960, krafðist fjármálaráðuneytið þess, að fiskiðjuver félagsins við Suðurgötu á Ísafirði yrði samkvæmt heimild í tryggingarbréfum tekið til nauðungarsölu, ásamt tilheyrandi, til fullnustu kröfu ríkissjóðs kr. 699.582.25, auk 11% vaxta frá 26. apríl, auk kostnaðar.

Auglýsing um nauðungaruppbóðið var síðan gefið út 22. júní 1960 og birt í Lögbirtingarblaðinu nr. 67, 73 og 79/1960, og átti það að fara fram föstudaginn 12. ágúst 1960, kl. 13.30. Uppboðinu var síðan frestað þar til 29. janúar 1962, að sala fór fram, eins og áður greinir.

Umboðsmaður fjármálaráðherra hefur með þessum hætti rökstutt kröfur ríkissjóðs:

Þegar tryggingarbréfin, sem þessi deila er risin af, voru gerð, hafði gengi íslenzkrar krónu verið stöðugt um langt skeið og

ekki vitað um, að neinar breytingar væru í vændum. Á þeim tíma hefðu því upphæðir bréfanna verið réttilega tilfærðar í íslenskri mynt. Hins vegar hefði mátt segja, að réttara hefði verið að taka jafnframt upp í tryggingarbréfin hinar útlendu fjárhæðir lánanna, en þetta ætti þó ekki að koma að sök, þar sem í tryggingabréfunum væri beint tekið fram, að veðsetningin væri til „tryggingar ríkisábyrgð fyrir hinum nákvæmlega tilgreindu skuldabréfum, dagsetningar þeirra tilteknar, sem og hver lánveitandinn væri“.

Síðari lánveitendur, sérstaklega þó þegar um væri að ræða lánsstofnanir, sem væru að lána milljónafjárhæðir til fyrirtækisins gegn veði á eftir ríkissjóði, hlytu því að kynna sér efni og skilmála lána þeirra og lánsskjala, sem væri á undan í veðröðinni, hvað skuldabréfin væru til langs tíma og önnur atriði, sem gætu haft áhrif á áhættu lánsstofnunarinnar sem síðari veðhafa, t. d. gengisákvæði og þvílíkt. Veðbótarvottorð eitt út af fyrir sig gæti ekki verið einhlítt til upplýsinga í þessum efnum.

Samkvæmt þessu hlyti því Landsbankinn að hafa kynnt sér umrædd lán og greiðslukjör þeirra og þannig gengið úr skugga um, að þau væru með gengisklásúlu og ættu því að greiðast í erlendri mynt. Samkvæmt tryggingarbréfunum hefði bankanum verið kunnugt, að ríkissjóður hafði tekið fulla ábyrgð á lánunum og þá hefði legið í augum uppi, að veðtrygging ríkisins hefði einnig náð til gengishækkunar. Í tryggingarbréfunum væri beint vitnað í skuldabréfin sjálf til upplýsingar um efni og umfang veðsetningarinnar og tæki ákvæði bréfanna af öll tvímæli. Ef Landsbankinn vildi nú halda því fram, að veðsetningar ríkisins samkvæmt tryggingarbréfunum nái ekki til gengishækkanna, gæti hann ekki verið bona fide, hvorki þá né nú. Hann virtist ekki hafa lagt neitt sérstakt upp úr fjárhæðunum (1200 þús. kr. og 750 þús. kr.), þar sem þeirra væri ekki getið í veðbréfi Landsbankans næst á eftir. Ef Landsbankinn hefði hins vegar talið þinglýsingu (veðsetningu) ríkissjóðs ófullnægjandi eða gallaða, gæti hann ekki borið það fyrir eftir á, nema að hafa fyrst gert þinglýsingardómara og/eða ráðuneytinu aðvart til þess að úr yrði bætt. Þetta leiddi af almennum reglum um eðli þinglýsinga.

Þá hefur umboðsmaðurinn haldið því fram, að bankanum hafi verið fullkunnugt um þessi tvö erlendu lán, þar sem hann hafi frá fyrstu tíð verið viðskiptabanki Ísafirðings h.f. og jafnan

fylgzt með fjárreiðum félagsins og bókhaldi, þ. á m. lántökum þess í erlendri og innlendri mynt.

Þá hefur hann haldið því fram, að samkvæmt núgildandi reglum sé það algert skilyrði í þessu tilfelli, að Landsbankinn hafi verið grandlaus um þau réttindi ríkissjóðs (þ. e. tryggingarveðrétt fyrir hugsanlegum gengishækkunum), sem hann vilji nú láta þoka fyrir sínu veði. En slíkt grandleysi sé ekki fyrir hendi. Ef bankinn vildi bera það fyrir, að hann hafi skilið tryggingarbréfin þannig, að ríkissjóður hafi með vilja fallið frá tryggingarveði fyrir ofanefndum hluta ríkisábyrgðarkröfunnar, þá væri það fjarstæða, enda slík staðhæfing ekki sett fram í góðri trú. Loks mætti á það benda, að sú málsafstaða bankans, að ætla að nota sér þá ónákvæmni í þinglýsingarforminu, sem segja mætti að hér hefði orðið, fengi engan veginn samrýmzt heiðarleikareglunni í 32. grein samningalaga nr. 7/1936, enda yrði að sjálfsögðu að gera ríkari kröfur í slíkum efnum, þegar sjálfur þjóðbankinn ætti í hlut.

Umboðsmaður Landsbanka Íslands hefur á eftirfarandi hátt rökstutt kröfur sínar:

Áður en uppboðið á fiskiðjuverinu fór fram, rannsakaði hann tryggingarbréf í veðmálabókum embættisins hér, sem hvíldu á fiskiðjuverinu, til þess að reyna að ákvarða, hversu há væri hin veðtryggða krafa ríkissjóðs. Kröfulýsingum ríkissjóðs við uppboðið var þannig háttað, að ekki var hægt að gera sér grein fyrir hve hárrí fjárhæð þær námu. Samkvæmt yfirliti, sem uppboðshaldari lagði fram, námu þær kr. 3.331.313.95, en samkvæmt afriti af viðskiptareikningi Ísfirðings h.f. hjá ríkisbókhaldinu kr. 1.594.124.54. Samkvæmt veðbókarvottorði var hin veðtryggða krafa ríkissjóðs upphaflega kr. 7.800.000.00. Niðurstaða rannsóknar umboðsmannsins varð sú, að krafa ríkissjóðs væri kr. 8.665.098.26, þar með taldir vextir.

Þá leiddi rannsóknin það í ljós, að þrjú af veðbréfum ríkissjóðs voru til tryggingar ábyrgð á erlendum lánnum, sem Ísfirðingur h.f. hafði tekið á árunum 1956 og 1957. Eitt þessara bréfa, dags. 17.5 1957, var til tryggingar ábyrgð á láni að fjárhæð kr. 250.000.00 eða 66.487.36 svissneskum frönkum.

Á veðbókarvottorðum var lán þetta talið vera í íslenskum krónum, þótt efni þess gæfi tilefni til að álykta, að það væri í raun og veru til tryggingar ábyrgð á erlendri fjárhæð.

Tvö af þessum bréfum, einmitt þau, sem hér er deilt um, eru til tryggingar ábyrgð á kr. 1.200.000.00, dags. 6.6. 1956, og kr.

750.000.00, dags. 4.9. 1957. Í þessum bréfum er ekkert, sem gefur til kynna, að þau séu til tryggingar ábyrgð á erlendum lán-um. Þvert á móti séu þau að efni til samhljóða öllum veðbréf-um ríkissjóðs, sem eru til tryggingar lánnum í íslenskum krónum. Á 1. veðrétti séu 15 lán. Þótt tekið sé fram í veðbréfunum, að lánið, sem ríkissjóður ábyrgist, sé tekið hjá Framkvæmdabanka Íslands, þá gefi það ekki tilefni til að ætla, að um erlent lán sé að ræða, heldur þvert á móti. Næst á undan fyrra veðbréfinu, dómsskj. nr. 60, sé þinglýst 4 veðbréfum til tryggingar ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánnum hjá Framkvæmdabankanum og séu þau öll í íslenskum krónum. Yngst þeirra bréfa sé frá 2. maí 1956 eða einum mánuði eldra en bréfið á dómsskj. nr. 60. Einnig gefi það ríka ástæðu til að ætla, að veðbréfin á dómsskj. nr. 60 og 62 sé eingöngu til tryggingar lánnum í íslenskum krónum, að eftir að því fyrra sé þinglýst, sé þinglýst bréfi, sem gefi ástæðu til að ætla að það sé til tryggingar ábyrgð á erlendu láni og tæpum fjórum mánuðum síðar en síðara bréfinu sé þinglýst. En það sé að öllu leyti hliðstætt fyrra bréfinu.

Landsbankinn hefði hlotið samkvæmt þessum rannsóknum að álykta, að ríkissjóður hefði annaðhvort á annan hátt tryggt sig gegn gengisáhættu en með veði í fiskiðjuverinu eða þá ekki skeytt um að tryggja sig frekar, sem var heldur ósennilegt, þar sem gengi íslensku krónunnar hafði á undanfórnum árum farið sílækkandi, og þar sem tíðkæpt hefur um langan tíma í viðskiptum, að veðbréf til tryggingar erlendum lánnum tilgreindu ávallt þá mynt, sem greiðslan átti að miðast við. Þetta ætti öllum að vera ljóst og ekki sízt ríkissjóði Íslands. Lögvernd sjálfsvörzluveðs í fasteign byggist að mestu leyti á þinglýsingunni. Til þess að veð njóti fullkominnar lögverndar, verði að skjalfesta öll þau atriði, sem ætlað er að veðið tryggi, svo að þinglýsingin veiti þá vernd, sem til er ætlazt.

Það skipti síðari veðhafa miklu, að þeir geti treyst efni þinglýstra skjala og hafi íslensk lög ákvæði til tryggingar því, að réttur þeirra rýrni ekki umfram það, sem þeir máttu ætla, sbr. lög nr. 23/1901.

Síðari veðhafar hljóti því að eiga rétt á að geta treyst því, að þinglýst skjal njóti ekki frekari réttar en þar er til greindur. Af þessu leiði, að ef fyrri veðhafi geti vænzt þess, að krafa hans hækki í íslenskum krónum vegna breytingar á gengi, þá verði hann að þinglýsa þessu atriði. Ef þess væri ekki talin þörf, þá

gætu menn ekki lengur treyst veðmálabókum og þinglýsingin þar með gerð svo til tilgangslaus og lögvernd kippt undan þýðingarmestu tryggingu fjármálalífsins, sjálfsvörzluveði í fasteign. Þá benti umboðsmaður á það, að þessi tryggingarbréf væri að öðru leyti gölluð, er sýndi ónákvæmni í vinnubrögðum, umboði útgefanda væri ekki þinglýst og ekki gætt ákvæða um votta.

Þá hefur umboðsmaðurinn haldið því fram, að Landsbankan-um hefði ekki getað verið kunnugt um, að veðréttir ríkissjóðs í fiskiðjuverinu væri til tryggingar gengisáhættu hans vegna erlendra lána, þegar hann tók við veðsetningu Ísfirðings h.f. Enginn vafi sé á um grandleysi bankans, þegar veðsetningarnar til hans fóru fram.

Við munnlegan flutning málsins hélt umboðsmaður Landsbankans því fram, að það réði úrlitum í þessu máli, hvaða gildi þinglýsingin hefði. Menn ættu að geta séð af veðmálabókum, hvað hvíldi á fasteign. Loks hefur umboðsmaður Landsbankans haldið því fram, að samkvæmt efnahagsreikningi hefði ekki verið hægt að sjá, hversu há einstök lán væru, sökum þess að þar væru færð í heild lán hvers lánardrottins, hversu mörg sem þau væru.

Bókhaldari félagsins var leiddur sem vitni í málinu. Hann skýrði frá því, að frá því fyrsta að félagið hóf starfsemi sína hefði Landsbankinn verið viðskiptabanki þess og jafnan fylgzt með fjárreiðum þess og lántökum bæði í innlendri og erlendri mynt og fengið árlega reksturs- og efnahagsreikning félagsins og hefði samkvæmt þeim fylgzt með því, hvernig einstök lán stæðu.

Vitnisburðurinn var tekinn gildur sem eiðfestur, en mótmælt.

Það er upplýst í máli þessu, að veðskjöl þau, sem deilan er risin út af, hafa engin ákvæði í texta, sem að því lúta, að um erlend lán væri að ræða. Skuldarupphæðirnar eru þar til færðar í íslenskum krónum og aðeins vitnað til skuldabréfs til lánveitandans, Framkvæmdabanka Íslands. Annars eru tryggingarbréfin samhljóða þeim veðskjöllum, sem fjalla um íslensk lán fyrir-tækisins.

Umboðsmaður fjármálaráðherra hefur skýrt frá því, að tryggingin hafi verið sett fyrir erlendum lánum og sé um mistök að ræða af hálfu ráðuneytisins, hafi fallið niður ákvæði um það, að veðið ætti einnig að tryggja gengisbreytingar, vegna þess að lánin hefðu verið erlend, svissneskir frankar og þýzk mörk.

Hér kemur því til álita, hvert gildi þinglýsingin eigi að hafa og eins hitt, hvort tryggingarskjölin gáfu eða gefi tilefni til að ætla, að um erlend lán væri að ræða að baki þeim.

Eins og áður getur, rannsakaði umboðsmaður Landsbankans þinglýst veðskjöl áhvílandi fiskiðjuverinu, áður en uppboð á því fór fram og við niðurstöðu þeirrar rannsóknar miðaði hann boð sín. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að hin umdeildu lán væri samkvæmt efni tryggingarbréfanna í íslenskum krónum. Bauð hann í eignina, eins og hann taldi að nægja mundi til þess að kröfur Landbankans greiddust af uppboðsverðinu. Sé á hinn bóginn gert ráð fyrir, að hin umdeildu lán séu gjaldeyrislán, virðist augljóst samkvæmt framlögðum gögnum, að ekki greiðist það lán bankans, sem hvílir á 6. veðrétti, enda nemi veð á undan því um kr. 13.800.000.00.

Ríkissjóður hefur að vísu ekki lagt fram yfirlit um skuldir þær, er hann á veðtryggðar í fiskiðjuverinu, og verður því tölu- leg hlið málsins ekki gerð upp með nákvæmni.

Í málinu hefur ekkert það komið fram, er styrki þá fullyrðingu umboðsmanns fjármálaráðherra, að bankinn hafi ekki verið í góðri trú. Veðbókarvottorðið og þinglesin skjöl gáfu ekki til- efni til að ætla, að umdeild lán væru gjaldeyrislán og ekki heldur efnahagsreikningur Ísfirðings h.f.

Dómarinn verður að fallast á það, að þinglýsingin skipti hér meginmáli og að öðru í höfuðatriðum á rökstuðning umboðs- manns Landsbankans.

Samkvæmt því verða úrslit málsins þau, að taka ber til greina kröfur umboðsmanns Landsbanka Íslands, þó þannig, að rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Við reikningsskil vegna uppboðs á fiskiðjuveri Ísfirð- ings h.f. skulu kröfur ríkissjóðs samkvæmt tryggingarbréf- um, dags. 6.6. 1956 og 4.9. 1957, gerðar upp með kr. 1.200.- 000.00, auk 6.5% vaxta frá 1.6. 1958 til uppboðsdags og kr. 589.016.65, auk 7% ársvaxta frá 1.6. 1958 til uppboðs- dags, eins og um lán í íslenskum krónum væri að ræða.

Málskostnaður falli niður.
